

## Nefndarálit og þingsályktun

við skýrslu biskups.

Frá allsherjarnefnd.

Frsm. Rúnar Vilhjálmsson.

Allsherjarnefnd hefur fjallað um skýrslu biskups ásamt ávörpum við upphaf kirkjuþings.

Nefndin þakkar biskupi Íslands, forseta kirkjuþings og dómsmálaráðherra fyrir ávörp þeirra við þingsetningu í Háteigskirkju.

Drífa Hjartardóttir, forseti kirkjuþings, bauð nýja kirkjuþingsfulltrúa sérstaklega velkomna og einnig nýkjörinn vígslubiskup á Hólum. Hún minnti á þá skyldu kirkjuþings að vinna af heilindum með hag þjóðkirkjunnar að leiðarljósi og minnti á þá miklu ábyrgð sem fylgir því mikilvæga verkefni. Þá velti hún upp þeirri hugmynd að það mætti breyti því að nýkjörið kirkjuþing kæmi saman fyrr, eða vori fljótlega eftir kosningar. Drífa minntist einnig á nýja fræðslustefnu og þá þrjá markmiðs – og matsþætti sem þar koma fram: Tengsl, vöxt og framlag. Þá gerði hún fækkun sóknarbarna að umtalsefni og hve mikilvægt það er að gera gangskör í skráningarmálum.

Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands minnti á sérstöðu kirkjunnar sem hvorki er fyrirtæki né stofnun heldur samfélag þess fólks sem vill halda á lofti kristinni lífssýn og fylgja leiðtoganum Jesú Kristi. Hún minntist á nýútkomna sálmabók, sem verið er að taka í notkun í kirkjum um þessar mundir. Einnig gerði hún að umtalsefni vinnuálag sóknarnefndarfólks sem er í sjálfbodaliðastarfi við það að halda við menningarverðmætum og áhyggjur sínar af lækkandi sóknargjöldum.

Jón Gunnarsson, dómsmálaráðherra, ræddi af hlýhug um kirkjuna og mikilvægi hennar í samfélaginu.

Allsherjarnefnd þakkar ítarlega og greinargóða skýrslu biskups og mikilvæg störf embættisins á liðnu ári.

Kirkjuþing samþykkir skýrslu biskup með eftirfarandi

### *þ i n g s á l y k t u n :*

Ljóst er að miklar breytingar hafa orðið á starfi biskupsstofu þegar biskupsstofa fór að starfa sem tvær stofur, biskupsstofa og rekstarstofa. Kirkjuþing þakkar starfsfólki fyrir það að mæta þessum breytingum með opnum huga og að hafa á liðnu ári tekið á sig aukin verkefni við fækkun starfsfólks.

Kirkjuþing bendir á að samkvæmt fimmtu grein starfsreglna um Þjónustumiðstöð þjóðkirkjunnar nr. 56/2021-2022 ber biskupsstofu og rekstrarstofu að senda frá sér

sameiginlega skýrslu. Kirkjuþing leggur til að sú skýrsla verði framvegis tekin fyrir í öllum nefndum. Kirkjuþing hvetur biskupsstofu og rekstrarstofu til þess að hafa með sér gott samstarf.

Kirkjuþing vill þakka biskupi fyrir hennar starf á liðnu ári og ekki síst fyrir það hve sterkt hún hefur staðið opinberlega með fólki á flóttu.

Gígja Eyjólfsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Reykjavík, 14. nóvember 2022.

*Allsherjarnefnd.*

Auður Thorberg.

Axel Árnason Njarðvík, varaformaður

Áslaug Kristjánsdóttir.

Benjamín Hrafn Böðvarsson.

Eva Björk Valdimarsdóttir.

Jónína Rós Guðmundsdóttir.

Ólafur Gestur Rafnsson.

Rúnar Vilhjálmsson.

Þuríður Björg Wium Árnadóttir, formaður.